

1990 nr. 73 18. maí**Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins**

Tóku gildi 31. maí 1990. Breytt með 1. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), 1. 101/2000 (tóku gildi 6. júní 2000) og 1. 68/2008 (tóku gildi 12. júní 2008).

■ **1. gr.** Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

□ Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotsins annarra en lifandi vera.

□ [Hugtakið netlög merkir í lögum þessum sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruþorði landareignar.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 1. gr.

■ **2. gr.** Enginn má leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

□ [Ráðherra er heimilt að veita leyfishafa fyrirheit um forgang að leyfi skv. 3. gr. í allt að tvö ár eftir að gildistíma leyfis til leitar er lokið og um að öðrum aðila verði ekki veitt leyfi til leitar á þeim tíma.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 2. gr.

■ **3. gr.** Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

□ [Iðnaðarráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða nýtingu sem hann heimilar skv. 1. mgr. Tekjum af leyfum skal að jafnaði varið til hafsbots- og landgrunnsrannsókna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 3. gr.

■ **4. gr.** Leyfi til hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skal bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár. Í leyfisbréfi skal m.a. ætíð greina

hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar.

□ [Við veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 4. gr.

■ **5. gr.** Með reglugerð skal iðnaðarráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um þau leyfi sem um ræðir í 3. og 4. gr.

□ [Í reglugerð skal tilgreina helstu ákvæði sem fram skulu koma í leyfunum, m.a. um tímalengd leyfis, staðarmörk vinnslusvæða, gerð efnis, magn og nýtingarhraða ef um nýtingarleyfi er að ræða, upplýsingaskyldu og skil gagna, öryggis- og umhverfisráðstafanir, eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti og leyfisgjald.

□ Í reglugerð skal einnig kveðið á um þau atriði sem umsækjandi skal tiltaka í umsókn um leitar- og rannsóknarleyfi skv. 2. gr. og í umsókn um vinnsluleyfi skv. 3. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 5. gr.

■ **[6. gr.]** Iðnaðarráðherra getur falið Orkustofnun leyfisveitingarvald skv. 2. og 3. gr. að hluta eða öllu leyti.

□ Stjórnvaldsáskvarðanir Orkustofnunar samkvæmt lögum þessum sæta kærðu til iðnaðarráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð máls fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnslulaga.]¹⁾

¹⁾ L. 68/2008, 2. gr.

■ **[7. gr.]**¹⁾ Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða [fangelsi allt að 2 árum],²⁾ enda liggi ekki við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

¹⁾ L. 68/2008, 2. gr. ²⁾ L. 82/1998, 197. gr.

■ **[8. gr.]**¹⁾ Lög þessi öðlast þegar gildi.

¹⁾ L. 68/2008, 2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Þeir, sem við gildistöku laganna taka efni af eða úr hafsbotni, skulu innan sex mánaða sækja um leyfi skv. 4. gr.

■ **II.** Þeir sem hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skulu halda þeim í fimm ár frá gildistöku laga þessara.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 6. gr.